

GERVIGREIND

Viðhorf til gervigreindar
og áhrifa hennar á samfélagið

Niðurstöður spurningakönnunar
Maskínu fyrir Fjölmiðlanefnd og Netvís



FJÖLMIÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION

Netvís

Gervigreind

Viðhorf til gervigreindar og áhrifa hennar á samfélagið

Niðurstöður spurningakönnunar Maskínu fyrir Fjölmiðlanefnd og Netvís

Febrúar 2026

Fjölmiðlanefnd og Netvís

Maskína

Umsjón:

Skúli Bragi Geirdal og Haukur Brynjarsson

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

44%

telja að lýðræðinu
standi mikil ógn
af gervigreind

80,7%

telja að gervigreind
muni auka áróður frá
erlendum aðilum
á Íslandi

42%

nota
gervigreindarforrit
vikulega

52,3%

hafa áhyggjur af
þróun gervigreindar
og áhrifum hennar
til framtíðar

67,3%

á aldrinum 18-39
ára segjast geta
aðstoðað vin við að
nota gervigreind

16,2%

60 ára og eldri
segjast geta
aðstoðað vin við
að nota gervigreind

91,6%

höfðu séð mynd eða
myndskeið sem þau
töldu raunverulegt
en kom í ljós að var
búið til með
gervigreind

34,1%

sögðust hafa
áhyggjur af auknu
atvinnuleysi með
tilkomu
gervigreindar

66,3%

hafa áhyggjur
af gagnasöfnun
gervigreindar

74,5%

vilja að mikil áhersla
sé lögð á
gervigreindarlæsi
á öllum skólastigum



92,1%

vilja að sett verði lög
sem tryggja rétt fólks
yfir eigin
persónueinkennum

Tæpur helmingur telur að lýðræðinu standi mikil ógn af gervigreind

Alls töldu 44% svarenda að lýðræðinu standi mikil ógn af gervigreind. Af þeim töldu um 11% ógnina mjög mikla og um 33% fremur mikla. Rétt rúmur þriðjungur (33,8%) sögðu í meðallagi en 22,2% töldu að lýðræðinu standi lítil eða engin ógn af gervigreind. Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar út frá kyni má sjá að hlutfallið sem taldi ógnina mikla var hærra á meðal kvenna (48,8%) en karla (39,6%).



Telur þú að lýðræðinu standi mikil, lítil eða engin ógn af gervigreind?



Meirihluti telur að gervigreind muni auka áróður á Íslandi



Tæplega þrír af hverjum fjórum þátttakendum töldu að gervigreind muni auka áróður á Íslandi frá innlendum aðilum. Rúmur fjórðungur svarenda eða 26,8% töldu að gervigreind muni engu breyta í þessu samhengi en 1,2% töldu að gervigreind muni koma til með að minnka áróður á Íslandi frá innlendum aðilum.

Telur þú að gervigreind muni auka eða minnka áróður á Íslandi frá innlendum aðilum eða engu breyta?



Sömu sögu var að segja þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu að gervigreind muni auka eða minnka áróður frá erlendum aðilum. Alls töldu 80,7% þeirra að gervigreindin muni auka slíkt, 18,4% töldu að hún myndi engu breyta en aðeins 0,9% töldu að áróður erlendis frá muni minnka með tilkomu gervigreindar.


Telur þú að gervigreind muni auka eða minnka áróður á Íslandi frá erlendum aðilum eða engu breyta?



Tæpur helmingur notar gervigreind vikulega

Tæpur helmingur svarenda, eða 42%, sagðist nota gervigreindarforrit við textavinnslu, myndsköpun, upplýsingaleit, samtál o.s.frv. að minnsta kosti vikulega. Af þeim sögðust 21,2% nota forritin á hverjum degi. Hlutfall þeirra sem sögðust aldrei nota gervigreind í þeim tilgangi var 28,8%.

Hversu oft notar þú gervigreindarforrit við textavinnslu, myndsköpun, upplýsingaleit, samtál og svo framvegis?




Greinilegt kynslóðabil má sjá þegar kemur að notkun gervigreindarforrita. Aðeins 9,9% svarenda á aldrinum 18-29 ára sögðust aldrei nota slík forrit en hlutfall svarenda á aldrinum 60 ára og eldri sem svöruðu á sama hátt var hins vegar 57,5%. Þá sögðust þátttakendur sem höfðu meiri menntun nota gervigreind meira en þeir sem höfðu minni menntun.



Algengast að gervigreind sé notuð til upplýsingaleitar

Þátttakendur sem sögðust nota gervigreind reglulega voru spurðir í hvaða tilgangi þeir hefðu notað hana sl. 30 daga. Flestir þeirra, eða 77,5%, sögðust hafa notað gervigreind til upplýsingaleitar. Rúmlega helmingur sagðist nota hana til aðstoðar við ritvinnslu/textaskrif og 42,1% til þess að þýða/stytta/draga saman texta til lestrar. Tæpur þriðjungur sagðist nota gervigreind til aðstoðar með daglegar athafnir, 18% sögðust hafa notað hana til að prófa hvernig hún virkar og 17,5% sögðust hafa búið til myndir eða myndbönd með gervigreind. Þá voru 14,1% sem sögðust hafa notað hana til aðstoðar við forritun.


Í hvaða tilgangi hefur þú notað gervigreind síðastliðna 30 daga?



Yngra fólk deilir frekar upplýsingum með gervigreind/spjallmennum en eldra fólk

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu deilt upplýsingum með gervigreind eða spjallmennum á borð við lykilorð, viðkvæmum vinnuskjölum eða persónuupplýsingum barna sinna sögðust aðeins örfáir hafa gert slíkt. Fleiri höfðu þó deilt fjárhagsupplýsingum (2,4%), viðkvæmum heilsufarsupplýsingum (6,7%), og andlegri líðan (8,5%). Þá höfðu 12,2% deilt upplýsingum með gervigreind eða spjallmennum um sjálfan sig til þess að hún þekki sig betur og 7,6% deildu upplýsingum eins og verið væri að spjalla við náinn vin. Langflestir, eða 80,5% sögðust ekki hafa deilt neinu af ofangreindu með gervigreindarforritum eða spjallmennum.

Hefur þú deilt einhverju af eftirfarandi með gervigreindarforritum/spjallmennum?






Þátttakendur á aldrinum 18-29 ára sögðust í ríkari mæli hafa deilt einhverju af ofangreindu með gervigreind eða spjallmennum, t.d. höfðu 22,5% deilt upplýsingum um andlega líðan. Svarendur í öðrum aldurshópum höfðu mun sjaldnar deilt slíkum upplýsingum með gervigreind eða spjallmennum.

		Upplýsingar um þig (svo gervigreindin ..)	Andlegri líðan	Upplýsingum eins og ég væri að spjall..	Viðkvæmum heilsufarsupplýsingum..	Fjárhagsupplýsingum..	Viðkvæmum vinnuskjölum	Persónuupplýsingum barna þinna	Lykilorðum	Engu af ofangreindu
Allir	(951)	12.2%	8.5%	7.6%	6.7%	2.4%	1.6%	1.1%	0.2%	80.5%
Kyn										
	Karl (488)	13.1%	8.4%	7.2%	6.1%	3.6%	2.2%	0.8%	0.4%	79.5%
	Kona (463)	11.1%	8.6%	8.0%	7.3%	1.1%	0.9%	1.4%		81.5%
Aldur										
	18-29 ára (210)	22.0%	22.5%	18.4%	14.7%	6.1%	2.1%	1.5%	0.6%	62.7%
	30-39 ára (199)	18.6%	11.6%	9.5%	9.8%	3.7%	2.5%	1.8%	0.4%	72.0%
	40-49 ára (168)	13.4%	5.3%	5.6%	6.5%	0.9%	2.1%	2.2%		78.6%
	50-59 ára (150)	5.3%	0.7%	1.7%	0.4%	0.7%	0.3%			94.0%
	60-69 ára (129)	1.2%		2.3%	1.3%		0.4%			95.9%
	70 ára og eldri (95)	0.6%	0.6%				1.0%			98.4%

Helmingur hefur áhyggjur af þróun og áhrifum gervigreindar til framtíðar

Rétt rúmur helmingur, eða 52,3% svarenda sögðust sammála fullyrðingunni „ég hef áhyggjur af þróun gervigreindar og áhrifum hennar til framtíðar“. Af þeim voru 22,3% sem sögðust mjög sammála fullyrðingunni. Hlutfall þeirra sem voru ósammála fullyrðingunni var 21,1% og um fjórðungur sagðist í meðaltali sammála henni. Munurinn á afstöðu svarenda eftir aldri var ekki mikill en greina mátti mun á milli kynjanna. Fleiri konur (57,4%) sögðust sammála fullyrðingunni en karlar (47,5%). Þá voru tekjulægri frekar sammála fullyrðingunni en þeir sem hafa hærri tekjur.



Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?
- Ég hef áhyggjur af þróun gervigreindar og áhrifum hennar til framtíðar



Mismiklar áhyggjur af auknu atvinnuleysi með tilkomu gervigreindar

Þegar þátttakendur voru spurðir hve sammála eða ósammála þeir voru fullyrðingunni „ég hef áhyggjur af miklum breytingum á vinnumarkaði og auknu atvinnuleysi með tilkomu gervigreindar“ skiptist svarhlutfallið nokkuð jafnt. 34,1% sögðust sammála fullyrðingunni, 34,0% sögðust ósammála henni og 31,9% sögðust í meðallagi sammála.



Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? - Ég hef áhyggjur af miklum breytingum á vinnumarkaði og auknu atvinnuleysi með tilkomu gervigreindar



Skýrt ákall um lög sem tryggja rétt fólks yfir eigin persónueinkennum

Afstaða svarenda til þess að sett yrðu lög sem tryggðu rétt yfir persónueinkennum var skýr. Mikill meirihluti eða 92,1% þeirra sögðust sammála fullyrðingunni „setja þarf lög sem tryggja rétt fólks yfir eigin persónueinkennum.“ Aðeins 2,5% sögðust ósammála fullyrðingunni og 5,5% sögðust í meðallagi sammála henni.



Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? - Setja þarf lög sem tryggja rétt fólks yfir eigin persónueinkennum (t.d. að andlit og rödd einstaklinga geti ekki verið notað án samþykkis viðkomandi)



Mikilvægt að tryggja betur höfundarétt með tilkomu gervigreindar

Þá eru einnig flest sammála fullyrðingunni „setja þarf lög sem tryggja betur höfundarétt með tilkomu gervigreindar.“ Alls sögðust 85,7% svarenda sammála fullyrðingunni og aðeins 5,8% sögðust ósammála. Afstaða til fullyrðingarinnar er ekki alveg eins skýr meðal yngra fólks eins og hún er hjá þeim sem eldri eru. Í aldurshópnum 18-39 ára sögðust 78,8% sammála fullyrðingunni en hlutfallið er 91,4% hjá 40-59 ára og 89,8% hjá 60 ára og eldri.



Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? - Setja þarf lög sem tryggja betur höfundarrétt með tilkomu gervigreindar (t.d. tónlist, myndlist, ritverkum eða fréttum)



Ungir hafa meiri trú á eigin færni þegar kemur að gervigreind

Tæpur helmingur, eða 46,9%, sögðust sammála fullyrðingunni „ég gæti aðstoðað vin eða fjölskyldumeðlim við að nota gervigreind“. Rúmur þriðjungur sagðist ósammála fullyrðingunni og 17,8% svarenda sagðist í meðallagi sammála. Skýr munur er á afstöðu til fullyrðingarinnar eftir aldri. Um þrír af hverjum fjórum á aldrinum 18-39 ára sögðust sammála fullyrðingunni en aðeins 16,2% þeirra sem eru 60 ára og eldri tóku í sama streng.



Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? - Ég gæti aðstoðað vin eða fjölskyldumeðlim við að nota gervigreind



Flest hafa áhyggjur af gagnasöfnun gervigreindar

Tveir af hverjum þremur sögðust sammála fullyrðingunni „ég hef áhyggjur af gagnasöfnun gervigreindar (t.d. söfnun persónuupplýsinga)“. Þá sögðust 21,3% svarenda í meðallagi sammála og 12,5% sögðust ósammála.



Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? - Ég hef áhyggjur af gagnasöfnun gervigreindar (t.d. söfnun persónuupplýsinga)



Mismiklar áhyggjur af umhverfisáhrifum gervigreindar

Svör þátttakenda við því hversu sammála þeir eru fullyrðingunni „ég hef áhyggjur af umhverfisáhrifum gervigreindar“ skiptust nokkuð jafnt. Rétt tæp 40% sögðust sammála henni og 34% sögðust ósammála. Þá voru 27% sem sögðust í meðallagi sammála fullyrðingunni. Áhyggjur af umhverfisáhrifum gervigreindar virðast mismiklar eftir aldri og kyni. Yngri svarendur sögðust almennt frekar sammála fullyrðingunni en þeir sem eldri eru og þá voru fleiri konur sammála en karlar.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? - Ég hef áhyggjur af umhverfisáhrifum





Flest bera í meðallagi mikið traust til upplýsinga frá gervigreindarforritum

Þegar þátttakendur voru spurðir um hve mikið eða lítið traust þeir bera til upplýsinga sem fengnar eru úr gervigreindarforritum (t.d. ChatGPT, Gemini, Claude o.fl.) sögðust flestir (53,9%) bera í meðallagi mikið traust. Rúmur þriðjungur, eða 35%, sagðist bera lítið eða ekkert traust til upplýsinga fengnum úr slíkum forritum. Þá var hlutfall þeirra sem sögðust bera mikið traust til þeirra 11,1%.

Eldri þátttakendur sögðust almennt bera minna traust til upplýsinga frá gervigreindarforritum en þeir sem yngri eru. Rúmur helmingur, eða 53,8%, á aldrinum 60 ára og eldri sögðust bera lítið eða ekkert traust til slíkra upplýsinga. Hlutfall þátttakenda á aldrinum 18-39 ára sem tók sömu afstöðu var hins vegar aðeins 29,6%.




Berð þú mikið, lítið eða ekkert traust til upplýsinga sem fengnar eru úr gervigreindarforritum (t.d ChatGPT, Gemini, Claude o.fl.)?



Meirihluti vill að mikil áhersla verði lögð á gervigreindarlæsi á öllum skólastigum

Þrír af hverjum fjórum svarendum vilja að mikil áhersla sé lögð á að fræða nemendur á öllum skólastigum í gervigreindarlæsi. Aðeins 4,9% vilja að leggja ætti litla eða enga áherslu á slíkt og hlutfall þeirra sem vilja að áherslan sé í meðallagi er 20,7%. Þá eru þeir sem hafa hærra menntunarstig og hærri tekjur almennt líklegri til þess að vilja að áhersla sé lögð á gervigreindarlæsi.

Finnst þér að leggja ætti mikla, litla eða enga áherslu á að fræða nemendur á öllum skólastigum í gervigreindarlæsi?



			Mjög mikla (5)	Frekar mikla (4)	Í meðallagi (3)	Frekar litla (2)	Mjög litla (1)	Enga (1)	Meðaltal
Menntun	Grunnskólapróf	(189)	29.1%	38.7%	27.0%	2.9%	2.3%		3.89
	Framhaldsskólapróf/lón...	(367)	32.5%	38.8%	22.2%	3.3%	2.2%	1.1%	3.94
	Háskólapróf-grunnám	(178)	38.4%	42.0%	15.6%	1.3%	0.6%	2.1%	4.12
	Háskólapróf-framhaldsn...	(191)	47.1%	34.8%	15.9%	0.6%	1.3%	0.3%	4.25
Tekjur	Lægri en 550 þúsund	(121)	25.8%	40.6%	23.9%	4.1%	4.9%	0.8%	3.77
	550 til 799 þúsund	(103)	30.7%	40.9%	23.2%	2.0%	2.0%	1.2%	3.94
	800 til 999 þúsund	(101)	29.5%	44.9%	22.7%			2.9%	3.98
	Milljón til 1.199 þúsund	(71)	47.2%	34.0%	14.0%	3.2%		1.5%	4.22
	1.200 til 1.599 þúsund	(133)	36.9%	39.1%	18.2%	2.3%	3.6%		4.03
	1.600 þúsund eða hærrí	(268)	42.3%	35.7%	19.4%	1.1%	1.2%	0.3%	4.16

Flest höfðu séð mynd eða myndskleið sem þau töldu raunverulegt en var í raun búið til með gervigreind

Mikill meirihluti þátttakenda sagðist hafa séð mynd eða myndskleið sem þeir töldu raunverulega/t en síðar hafi komið í ljós að myndefnið hafi verið búið til með gervigreind. Aðeins 8,4% höfðu aldrei lent í því. Alls sögðust 16,1% hafa lent í þeim aðstæðum a.m.k. daglega og 19,8% svarenda nokkrum sinnum í viku. Rúmur fjórðungur sagðist hafa lent í því nokkrum sinnum í mánuði en flest (30%) sögðust hafa lent í því sjaldnar en það. Þá vekur athygli að rúmur fjórðungur svarenda á aldrinum 50-59 ára sögðust hafa séð mynd/myndband sem þeir töldu raunverulegt en var það ekki a.m.k. einu sinni á dag.

Hversu oft hefur þú séð mynd eða myndskleið sem þú taldir að væri raunveruleg/t en síðar kom í ljós að það var búið til með gervigreind?

	Fjöldi	%	
Oft á dag	29	3.2%	3.2%
Daglega	115	12.9%	12.9%
1-6 sinnum í viku	177	19.8%	19.8%
1-3 sinnum mánuði	230	25.8%	25.8%
Sjaldnar	268	30.0%	30.0%
Aldrei	75	8.4%	8.4%
Fjöldi svara	893	100.0%	
Veit ekki	83	8.5%	
Vil ekki svara	2	0.2%	
Heildarfjöldi	978	100.0%	


Þátttakendur beðnir um að greina raunverulegar myndir frá gervigreind

Þátttakendum voru sýndar tvær myndir hlið við hlið og fengu þeir upplýsingar um að önnur myndin væri af raunverulegri manneskju en hin myndin væri gerð með aðstoð gervigreindar. Þátttakendur voru beðnir um að giska á það hvor myndin væri búin til með aðstoð gervigreindar.

Mynd A er raunveruleg og Mynd B er gerð með gervigreind. Alls sögðu 79,1% að mynd A væri gerð með gervigreind og giskuðu þ.a.l. á ranga mynd. Hlutfall þeirra sem giskuðu á Mynd B og þ.a.l. á rétta mynd var 20,9%.

Nú biðjum við þig að greina raunverulegar ljósmyndir af raunverulegu fólki frá myndum sem gerðar eru með aðstoð gervigreindar. Hvor myndin er gerð með notkun gervigreindar?
- Önnur myndin er gerð með notkun gervigreindar.

	Fjöldi	%	
Mynd A	965	79.1%	79.1%
Mynd B	255	20.9%	20.9%
Fjöldi svara	1,221	100.0%	
Veit ekki	84	6.4%	
Vil ekki svara	2	0.2%	
Heildarfjöldi	1,307	100.0%	




Þessi spurning var endurtekin fyrir annan svarendahóp. Það útskýrir mun á fjölda svarenda samanborið við aðrar spurningar.

			Mynd A	Mynd B
Aldur	18-29 ára	(289)	88.1%	11.9%
	30-39 ára	(258)	79.9%	20.1%
	40-49 ára	(219)	75.1%	24.9%
	50-59 ára	(182)	73.9%	26.1%
	60-69 ára	(151)	76.4%	23.6%
	70 ára og eldri	(122)	74.6%	25.4%

Þátttakendur fengu einnig að sjá mynd af fjórum einstaklingum og fengu upplýsingar um að aðeins einn þeirra væri raunverulegur. Þeir voru beðnir um að giska á hvaða einstaklingur væri raunverulegur. Einstaklingurinn á mynd D er raunverulegur en hinar myndirnar eru gerðar með aðstoð gervigreindar. Rúmur helmingur, eða 53,7% svarenda, giskaði á að mynd D væri raunveruleg og þ.a.l. rétta mynd. 46,3% giskuðu á aðra mynd og þ.a.l. á ranga mynd.

Nú biðjum við þig að greina raunverulegar ljósmyndir af raunverulegu fólki frá myndum sem gerðar eru með aðstoð gervigreindar. Hver eftirfarandi mynda er ekki gerð með aðstoð gervigreindar?
- Ein af þessum myndum er raunveruleg en þrjár eru gerðar með aðstoð gervigreindar.

	Fjöldi	%	
Mynd A	326	27.3%	27.3%
Mynd B	157	13.2%	13.2%
Mynd C	70	5.8%	5.8%
Mynd D	641	53.7%	53.7%
Fjöldi svara	1,194	100.0%	
Veit ekki	109	8.4%	
Vil ekki svara	4	0.3%	
Heildarfjöldi	1,307	100.0%	



Þessi spurning var endurtekin fyrir annan svarendahóp. Það útskýrir mun á fjölda svarenda samanborið við aðrar spurningar.

		Mynd A	Mynd B	Mynd C	Mynd D
Aldur	18-29 ára	(289) 20.8%	7.0%	2.8%	69.4%
	30-39 ára	(252) 35.8%	6.6%	1.4%	56.3%
	40-49 ára	(210) 27.8%	10.1%	2.3%	59.9%
	50-59 ára	(185) 27.9%	9.8%	10.1%	52.3%
	60-69 ára	(144) 24.1%	26.0%	12.5%	37.4%
	70 ára og eldri	(115) 27.2%	37.9%	14.7%	20.3%

Athygli vekur að í fyrra dæminu er það yngsti aldurshópurinn sem giskar hlutfallslega oftast á ranga mynd en í seinna dæminu er það sá elsti.

FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð af Maskínu fyrir **Fjölmíðlanefnd** og **Netvís**. Hún er um notkun almennings á gervigreind og samfélagsmiðlum auk internet- og skjánotkunar. Skýrsla þessi fjallar um þann hluta hennar sem varðar gervigreind og viðhorf almennings til gervigreindar og áhrifa hennar á samfélagið.

Könnunin var lögð fyrir **Þjóðgátt Maskínu**, sem er þjóðhópur fólks (e. panel) sem dreginn er með tilviljunarúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur eru af öllu landinu og á aldrinum 18 ára og eldri. Við úrvinnslu voru gögnin vegin til samræmis við tölur Hagstofunnar þannig að hópurinn sem svarar endurspeglar þjóðina út frá kyni, aldri, búsetu og menntun. Við vigtun gagna getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun. Gagnaöflun fór fram dagana 3. – 10. nóvember 2025 og voru svarendur 978 talsins